

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi aðili ekki náð að nýta sér að fullu eða hluta þær aflaheimildir sem var úthlutað á fiskveiðiárinu 2001/2002 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þær 500 lestir af óslægðum botnfiski, sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skulu bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.